

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 15. tbl. 8. árg. 20. nóvember 2014

Myndir augnabliksins eru teknar af heimasíðu Grímseyjarskóla.



Út á hvað gengur Giljaskólaleiðin?

Á heimasíðu Giljaskóla má sjá skemmtilega pistla frá nemendum skólans. Brynjar Karl Óttarsson kennari gerir hér grein fyrir tilurð þessara pistla.

Rekja má upphaf Giljaskólaleiðarinnar 4-5 ár aftur í tímann þegar Brynjar Karl Óttarsson kennari fór að gera tilraunir með greinaskrif og málþing nemenda á unglingsstigi. Síðan þá hefur verkefnið stækkað og nú er svo komið að sérstakt teymi er starfandi í skólanum sem vinnur að því að þróa það enn frekar hjá unglingunum og jafnframt innleiða það á miðstigi.

„*Giljaskólaleiðin leggur áherslu á framsögn, lestur og ritun í gegnum raunveruleg, merkingarbær viðfangsefni sem endurspeglar veruleikann eins og hann blasir við utan veggja skólans.*“

Áherslur í *töluðu máli, hlustun og áhorfi* eru málþing þar sem nemendur flytja eigin erindi í viðurvist gesta. Upplæstur á opinberum stöðum. Flutningur á frumsömdu efni og efni eftir aðra fyrir útvarp og sjónvarp. Þar má hugsa sér frjáls efnistöð en ekki síður úrvinnslu efnis sem tengja má við aðalnámskrá. Þannig má samþætta viðfangsefni. Sem dæmi mætti hugsa sér þáttagerð í líkingu við þáttinn “Orðbragð” sem sýndur er þessa dagana á RÚV. Eða efni fyrir útvarp þar sem nemendur segja frá íslenskum nútíma-skáldum og spila dægurlög með textum eftir þau.

Áherslur í *lestri og bókmenntum* eru að glæða áhuga á bókum og lestri. Jákvætt viðhorf kennara til bóka og lestrar og vilji til að smita út frá sér. Kynningar kennara á bókum og rithöfundum. Upplæstur kennara á framhaldssögu. Upplæstur nemenda á opinberum stöðum. Auka aðgengi nemenda að bókum með því að setja upp bókahlið sem víðast í skólanum. Útvarps- og sjónvarpsþáttagerð t.d. um bókmenntir frá sjónarhóli unglunga.

Áherslur í *ritun* eru regluleg skapandi skrif í persónulega dagbók sem ekki kemur fyrir augu almennings. Greinaskrif sem birtast á opinberum vettvangi svo sem á heimasíðum og í dagblöðum. Textagerð í tengslum við málþing. Handritsgerð fyrir útvarp og sjónvarp.

Málfræði kemur við sögu í öllum ofangreindum áhersluþáttum með einum eða öðrum hætti.

“*Málfræði má ekki að vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli*“ (aðalnámskrá 2013).

Þó að margt jákvætt hafi gerst í skólamállum síðustu ár og áratugi þykir mér kerfið þróað hægt áfram og stundum hreinlega vinna gegn raunverulegri skólalátrun. Íslenskukennsla í 8.-10. bekk er þar ekki undanskilin. Kennarar og aðrir sem vinna að skólamállum eru eflaust allir af vilja gerðir en það er erfitt að breyta kerfi sem er byggt á gömlum grunni og jafnvel farið að festa rætur. Það verður bara að segjast eins og er að oft hamlar skólakerfið því að hæfileikar nemenda njóti sín nema hæfileikarnir séu kerfinu þóknalegir. Alltaf má benda á dæmi um skapandi skólustarf og víða má finna kennara sem sýnda gegn straumnum í því skyni að stuðla að merkingarbæru námi. Hér er ekki ætlunin að leggja til afnám vissra þátta íslenskukennslunnar heldur aðeins benda á að breytingar er þörf í skólakerfinu með breyttum þjóðfélagsáttum. Og þar sem breytingarnar eru hraðar aukast líkurnar á að skólinn haldi ekki í við þá þróun nema skólafyrirvöld séu á tánum.

Grein Brynjars má lesa í heild sinni á heimasíðu skóladeildar: <http://www.akureyri.is/skoladeild/forsida>
Hægt er að fylgjast með pistlaskrifunum á heimasíðu Giljaskóla: <http://www.giljaskoli.is/>

Norrænt kennslutæki á netinu!

Norden í Skolen er ný opin samnorræn námsgátt á netinu sem býður kennurum og nemendum upp á alveg nýja möguleika við kennslu í norðurlandamálunum. Á vefsvæðinu má m.a. finna rafrænar tungumálaæfingar og –spil, norræna hjóðorðabók, gagnvirka málsögulega tímalínu, ljóð, stuttmyndir, smásögur, vinabekkjaleit og sýndarkennarahebergi. Á síðunni er einnig námsgáttin Loftslag & Náttúra. Þar eru viðfangsefnin sjálfbærni, orkunotkun og orkugjafir í fókus. Hægt er að taka ókeypiss þátt í Loftslagsáskoruninni, sem er sveigjanlegt námsferli og samkeppni sem m.a. gengur út á álestur og orkusparnað í skólanum, meðan maður keppir við jafnaldra sína á öllum Norðurlöndunum.

Kynnið ykkur nánar á <http://nordeniskolen.org/is/>

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrisey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skemmtilegt sjóræningjapema í Oddeyrarskóla.

Síðustu vikurnar hafa börnin í 1. og 2. bekk upplifað mikil ævintýri. Einn daginn barst þeim flöskuskeyti með bréfi frá sjóræningjahló sem sagðist vera villtur og rataði ekki heim. Síðan þá hafa börnin skrifað á við sjóræningjann og kennt honum ýmislegt. Til dæmis hafa þau þurft að leiðbeina honum með muninn á stöfunum b, p og d, kenna honum áttirnar og fjöllin í kringum okkur auk þess að leiðbeina honum með almenna mannsíði og kurteisí. Hver og einn nemandi hefur skrifað honum bréf með ýmsum spurningum og leiðbeiningum. Einn daginn þegar nemendur mættu í skólann voru blaut fótspor um alla stofu ásamt litlum demöntum. Þetta þótti börnunum afskaplega spennandi. Tvö bréf fundust svo í stofunni. Í öðru þeirra voru vísur en í hinu, sem var sendibréf, mátti finna vísbendingu um nafn sjóræningjans. Þar voru allir stafirnir í rugli og nú ætla börnin að takast á við það verkefni um helgina að leysa stafaruglið og komast að því hvað sjóræningjahló heitir. Ef til vill koma foreldrar til hjálpar. Sjóræningjævintýrið er hluti af vinnu í byrjendalæsi og hafa kennarar í gegnum það samþætt vinnuna við nám í fleiri greinum, s.s. stærðfræði, lífsleikni, myndlist, landafræði og ritun.



Dagur íslenskrar tungu.

Á degi íslenskrar tungu hittust 9. bekkir úr grunnskólum Akureyrar í Síðuskóla og áttu saman góða stund. Þar voru flutt allskonar atriði á ÍSLENSKU!



Hulduheimar Kot.

Ýmsar aðferðir eru notaðar við að kenna börnunum dygðirnar. Hér bregða kennarar sér í hænuhlutverk til að kenna dygðina hjálpssemi og mikilvægi þess að vera hjálpsamur og þá sérstaklega í desember þegar mikið þarf að gera. Leikritið fjallaði um hænu sem átti alls ekki hjálpsama vini. Myndirnar eru frá vinastund þar sem kennarar sýndu leikritið.



Grenndargralið fundið.

Leitinni að Grenndargralinu 2014 er lokið. Það voru þeir Natan Dagur Benediktsson og Þórður Tandri Ágústsson úr 10. bekk í Giljaskóla sem fundu Gralið þetta árið. Þeir eru því sigurvegarar í Leitinni að Grenndargralinu árið 2014. Þetta er annað árið í röð sem Giljaskóli sigrar í Leitinni. Síðastliðinn vetur fundu Bergvin Leif Garðarsson og Patrik Orri Jóhannsson Gralið.

Gralið verður geymt næsta árið í Giljaskóla en þetta er í þriðja skiptið á sjö árum sem nemandur Giljaskóla vinna Leitina. Formleg afhending Gralisins fer fram mánudaginn 1. desember.



Framtíð samræmdra könnunarprófa.

Námsmatsstofnun stendur fyrir kynningarfundum um framtíð samræmdra könnunarprófa mánudaginn 24. nóvember kl. 15:00 á Grand Hótel Reykjavík. Á fundinum verður fjallað um þróun samræmdra könnunarprófa frá sjónarhorni mennta- og menningarmálaráðuneytis, Námsmatsstofnunar og notenda í grunnskólum.

Framsögumenn verða þau Björg Pétursdóttir, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Arnór Guðmundsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar og Gylfi Jón Gylfason, fræðslustjóri Reykjanesháskólans.

Sjá nánar á: http://www.namsmat.is/vefur/frettir/frettir_2014.html#frett_181114

Fundurinn verður á Grand Hótel, salur Háteigur A og er opin öllum áhugasömum.

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 4. desember